

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- 2.1 Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 12.500 á íbúð, m.v. 240 l sorptunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum. Húseigendum er í upphafi afhent 240 l sorptunna.
- 2.2 Húsfélög geta fengið 660 l eða 1100 l sorpílát án endurgjalds. Endurnýjun sorpíláta er á kostnað húseigenda.

Gjöldin innheimtast með fasteignagjöldum.

3. gr.

- 3.1 Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 11,10 á kg.
 - 3.2 Fyrir grófan úrgang sem þarf að flokka kr. 16,65 á kg.
 - 3.3 Fyrir flokkað úrgangstimbur greiðast kr. 9,30 á kg.
 - 3.4 Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 3,60 á kg.
 - 3.5 Fyrir grófan ólífrænan úrgang (steypu- og múrbrot, gler og flísar o.fl.) greiðast kr. 0,50 á kg.
 - 3.6 Afgreiðslugjald í Gámu kr. 1000 við hverja afgreiðslu en 70% gjaldsins fellur þó niður ef þyngd farms er 100 kg eða meira óháð ofantalinni tegund.
- Virðisaukaskattur er innifalinn í ofangreindu verði.

4. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds. Fyrir móttöku á stærri förmum (100 kg eða meira) af efnum sem ekki bera úrvinnslugjald er heimilt að innheimta fyrir útlögðum kostnaði. Innheimta skal fyrir móttöku kælitækja (ísskápa, frystiskápa og frystikistu).

5. gr.

Innheimta samkv. grein 3 og 4 er með sérstökum reikningi, eindagi 25 dögum eftir útskrift reiknings, eða fyrir minni farma á staðnum gegn staðgreiðslu. Flutningsaðilar á sorpi til móttökustaðar ábyrgjast greiðslu móttökugjalda skv. gjaldskrá í þeim tilfellum sem viðkomandi aðili er ekki í viðskiptasambandi við Akraneskaupstað.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi nr. 728/1997 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1037/2004.

7. gr.

Þann 1. febrúar 2006 verður þjónusta við sorphirðu hjá fyrirtækjum og stofnunum hætt á vegum Akraneskaupstaðar. Frá þeim tíma munu fyrirtæki og stofnanir annast sín sorpmál sjálf

og greiða fyrir móttakið sorp í samræmi við gildandi gjaldskrá eins og hún er á hverjum tíma, í þeim tilfellum sem viðkomandi aðili kemur með sorp til afhendingar í móttökustöð Akraneskaupstaðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði í 3. gr. skal ekki innheimta sorpgjald samkvæmt vigt frá heimilum sem koma með sorp til losunar hjá Gámu á meðan bæjaryfirvöld eru með til sérstakrar skoðunar sorpmál hvað viðvíkur flokkun sorps með tilliti til úrvinnslugjalds.

Þannig samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Akraness þann 10. janúar 2006.
Fyrri umræða fór fram þann 13. desember 2005.

Akranesi, 11. janúar 2006.

Guðmundur Páll Jónsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 12. janúar 2006